



Leiðbeiningar fyrir sérnámshandleiðara

Sérnám í lyflækningum

Sérnám í lyflækningum byggir á marklýsingu frá 2020 sem finna má á [heimasíðu sérnámsins](#) á innri vef LSH. Marklýsingin byggir á ákveðnum almennum og klínískum hæfnikröfum sem gerðar eru til sérnámslækna (SNL) í þjálfun. Markmiðið er að SNL þroskist í starfi og öðlist þá hæfni sem ætlast er til. Til þess að meta hvort hæfniviðmiðum sé náð er notast við stöðluð matsblöð í rafrænni verkefnaskrá (ePortfolio). Til að meta þekkingu er gerð krafa um að SNL ljúki stöðluðum breskum prófum, 2 skriflegum (MRCP 1&2) og 1 verklegu (PACES). Einnig er gerð krafa innan sérnámsins að SNL ljúki við gæðaverkefni á fyrstu þremur árum sérnáms.

Almennt um sérnámshandleiðslu (educational supervision)

Allir SNL hafa sérnámshandleiðara sem fylgir þeim í gegnum sérnámið. Sérnámshandleiðarinn er aðalleiðbeinandi SNL og styður hann í að uppfylla lágmarkskröfur námsframvindu. Sérnámshandleiðarinn er haukur í horni SNL og á SNL að geta leitað til síns handleiðara eins og þörf er á.

Æskilegt er að SNL og sérnámshandleiðari hittist reglulega og fari yfir hvernig miðar í sérnáminu. Að lágmarki ættu SNL og sérnámshandleiðari að hittast 4 sinnum á ári og er ætlast til þess að SNL eigi frumkvæði að því að skipuleggja fundi. Skrá á fundina í ePortfolio undir „*educational meeting*“ og gott er að fara yfir persónulega námsáætlun (*personal development plan*) á þessum fundum.

Árlega fer fram framvindumat m.t.t. þess hvort SNL uppfylli kröfur til að hljóta framgang í námi og er þá afar mikilvægt að fyrir liggja mat og skýrsla sérnámshandleiðara (sjá nákvæmar leiðbeiningar að neðan).

Praktískar upplýsingar fyrir sérnámshandleiðara

Á [heimasíðu sérnámsins](#) má finna margar nytsamlegar upplýsingar, til dæmis [marklýsingu](#) sérnámsins, upplýsingar um árlega framvindumat og [ákvörðunartól sérnámsins](#).

Þar má einnig finna gátlista þar sem finna má nákvæma útlistun á því hvað ætlast er til að SNL hafi lokið við á hverju námsári. Neðst í hverjum lista má finna yfirlit yfir hvaða hæfni SNL þarf að hafa náð til þess að hafa náð kröfum hvers árs. Þessa töflu má sjá hér að neðan:

Levels to be achieved by the end of each training year and at critical progression points for IM clinical CiPs

Level descriptors

Level 1: Entrusted to observe only – no provision of clinical care

Level 2: Entrusted to act with direct supervision

Level 3: Entrusted to act with indirect supervision

Level 4: Entrusted to act unsupervised

Clinical CiP	IMY1	IMY2		IMY3	
1. Managing an acute unselected take	2	3	CRITICAL PROGRESSION POINT	3	CRITICAL PROGRESSION POINT
2. Managing an acute specialty-related take	2*	2*		2*	
3. Providing continuity of care to medical in-patients	2	3		3	
4. Managing outpatients with long term conditions	2	2		3	
5. Managing medical problems in patients in other specialties and special cases	2	2		3	
6. Managing an MDT including discharge planning	2	2		3	
7. Delivering effective resuscitation and managing the deteriorating patient	2	3		4	
8. Managing end of life and applying palliative care skills	2	2		3	

* This entrustment decision may be made on the basis of performance in other related CiPs if the trainee is not in a post that provides acute specialty-related take experience

Hvað varðar færni í inngripum varðar má sjá í [ákvörðunartólinu](#) hvaða inngrip er ætlast til að SNL geti framkvæmt sjálfstætt og hvaða inngrip dugar að hafa gert í færniþúðum. Þessar upplýsingar eru einnig til staðar í gátlistunum.

Undirbúningur fyrir árlegt framvindumat og gerð skýrslu sérnámshandleiðara


Um það bil 6-8 vikum fyrir árlega framvindumatið fá sérnámshandleiðari og SNL tölvupóst frá kennslustjóra til að upplýsa um fyrirhugað framvindumat. Í kjölfar þessa er æskilegt að SNL og handleiðari hittist og fari yfir stöðu mála og ákveði hvernig hafa skuli undirbúningi. Fyrir framvindumatið þarf sérnámshandleiðari annars vegar að stiga hæfniviðmið og hins vegar ljúka við skýrslu sérnámshandleiðara (*educational supervisor report*)

Best er að byrja á stigun hæfniviðmiða þar sem sú stigun flyst sjálfkrafa inn í handleiðaraskýrsluna og flýtir mjög fyrir útfyllingu hennar. SNL á einnig sjálfur að stiga sína hæfni og best er ef SNL lýkur fyrst við sinn hluta og sérnámshandleiðarinn kemur á eftir.


Hvernig er þetta gert?

1. Stigun hæfniviðmiða (*capabilities in practice*)

Farið er inn í ePortfolio og ýtt á Curriculum → Physician Internal Medicine Stage 1 fyrir fyrra stig sérnáms eða Physician General Internal Medicine fyrir seinna stig.



Þá opnast gluggi með fellilista yfir hæfniviðmiðin sem þarf að stiga.



Physician Internal Medicine Stage 1


The purpose of the Internal Medicine (IM) stage 1 curriculum is to produce doctors with the generic professional and clinical capabilities needed to manage patients presenting with a wide range of general medical symptoms and conditions. They will be entrusted to undertake the role of the medical registrar in NHS district general and teaching hospitals and qualified to apply for higher specialist training.

IM stage 1 will be the first stage of training in internal medicine and the specialties managed by the Joint Royal College of Physicians Training Board (JRCPTB).

Capabilities in practice

This 14 capabilities in practice (CIPs) describe the professional tasks involved within the scope of internal medicine. Each CIP has a set of descriptors to help trainees and trainers.

[Read More...](#)



Farið er í hvert viðmið fyrir sig og gefin einkunn (*rating*), fyrir almennu viðmiðin er gefið *below*, *meets* eða *above expectations* eftir því hvað matsblöðin í ePortfolio segja. Hér á sérnámslæknirinn að vera búin að tengja ákveðin blöð við hvert viðmið svo auðveldlega er hægt að finna og vísa í viðeigandi blöð. Ýtt er á *rate* og þá kemur þessi gluggi upp. Gefin er einkunn og svo vistað. Hér er mjög gott að rökstyðja valið og vísa í matsblöð eins og hægt er, t.d. ef gefið er *above expectations* gæti það verið rökstutt með „*rated as above expectations on all MCR forms obtained this year*“. Rökstuðningurinn þarf að vera á ensku.

Rating/Comment

■ Physician Internal Medicine Stage 1
■ Generic Capabilities in Practice (CIPs)
→ 1. Able to function successfully within NHS organisational and management systems

Rating

Below expectations
 Meets expectations
 Above expectations

Comments

max 4000 characters

Cancel Save

Fyrir klínísku viðmiðin þarf að gefa einkunn 1-4 út frá því hvar sérnámslæknir stendur og hversu mikla ábyrgð sérnámshandleiðari telur hann ráða við. Þetta byggir einnig á því mati sem fyrir liggur í matsblöðunum. Ofar í þessu skjali má finna upplýsingar á hvaða stigi sérnámslæknir þarf að vera til að mæta kröfum fyrir hvert ár. Það sama gildir hér að mjög gott er að færa rök fyrir hvaða stig er valið. Rökstuðningurinn þarf að vera á ensku.



Rating/Comment



- Physician Internal Medicine Stage 1
 - Clinical Capabilities in Practice (CiPs)
 - 1. Managing an acute unselected take

Rating

- Level 1: Entrusted to observe only - no provision of clinical care
- Level 2: Entrusted to act with direct supervision
- Level 3: Entrusted to act with indirect supervision
- Level 4: Entrusted to act unsupervised

Comments

max 4000 characters

Cancel

Save

Svo þarf að fylla út upplýsingar um færni í inngripum sem er neðsti hlutinn á þessari síðu.

Practical procedural skills

Advanced cardiopulmonary resuscitation (CPR)

Rate

Link



Rating/Comment

- Physician Internal Medicine Stage 1
 - Practical procedural skills
 - Advanced cardiopulmonary resuscitation (CPR)

Rating


- Skills lab certified
- Satisfactory supervised practice
- Participation in CPR team
- Leadership of CPR team
- Competent to perform unsupervised
- Competence maintained
- Not Performed

Hér eru skilgreiningarnar eftirfarandi:



- Ef summative DOPS þá velja: Competent to perform unsupervised
- Ef formative DOPS þá velja: Satisfactory supervised practice
- Ef vottorð úr færniþúðum er til staðar þá á að gefa: Skills lab certified (má oft finna í personal library en hér á SNL að vera búinn að tengja vottorðið við inngripið)

2. Gerð skýrslu sérnámshandleiðara

Farið er inn í ePortfolio og ýtt á Progression → Supervisor's Report



Þá valið Create form → Educational Supervisor report



Þegar inn í skýrsluna er komið er mikilvægt að byrja á að setja inn rétt tímabil, þ.e. það tímabil sem verið er að meta. Þessar upplýsingar eiga að koma fram í pósti frá kennslustjóra um fyrirhugað framvindumat, einnig hægt að finna alla pósta merka viðkomandi ári (t.d. alla pósta merkta IMY2 ef verið er að meta annað námsár).

Period covered by this report

From:

dd/mm/yyyy

To:

dd/mm/yyyy

Þegar búið er að setja dagsetningarnar inn er ýtt á Get posts og þá eiga að dragast inn öll matsblöð sem gerð voru á tímabilinu.

Posts covered by this report

Click the "Get Posts" button below to retrieve information based on the period "From" period. This will also retrieve the number of assessments undertaken during the date.

Get Posts

Ef búið er að stiga hæfniviðmiðin dregst það sjálfkrafa inn í skýrsluna ásamt rökstuðningnum eins og sjá má að neðan. Ef búið er að rökstyðja stigun áður þarf ekki að skrifa frekari athugasemdir.

2. Managing an acute specialty-related take

Level 1: Entrusted to observe only - no provision of clinical care

Level 2: Entrusted to act with direct supervision

Level 3: Entrusted to act with indirect supervision

Level 4: Entrusted to act unsupervised

Comment: Multiple MCRs in Eportfolio supporting this rating

Please provide comments to justify your rating and identify any areas of concern or e

3. Providing continuity of care to medical in-patients, including management of como

Level 1: Entrusted to observe only - no provision of clinical care

Level 2: Entrusted to act with direct supervision

Level 3: Entrusted to act with indirect supervision

Level 4: Entrusted to act unsupervised

Comment: Rating supported by multiple MCRs in Eportfolio

Svo er afgangur skýrslunnar fylltur út eftir bestu getu en langmesti hluti hennar fyllist út sjálfkrafa ef hæfniviðmiðin eru stiguð áður en skýrslan er gerð. Gott er að hafa gátlistann eða ákvörðunartólið til hliðsjónar þegar skýrslan er fyllt út. Í lokin er svo beðið um heildarmat á frammistöðu námslæknisins og hér er nauðsynlegt að skrifa nokkur orð til að rökstyðja hvernig sú niðurstaða er fengin.

How would you rate this doctor's overall performance? * You should use feedback from supervisors and assessors to inform your comments. Please record other feedback received if relevant to training or performance.

- Below expectations for this year of training
- Meets expectations for this year of training
- Above expectations for this year of training**

Comment on what has gone well and any areas of excellence *

Að þessu loknu er skýrslan staðfest.

Vek athygli á að spurt er um Patient survey í skýrslunni en slíkt er ekki skylda í sérnáminu hér og má svara því áhyggjulaust með nei.

Patient Survey

Has a patient survey been completed with 20 or more responses?

- No**
- Yes

Comment on any concerns or areas of excellence raised and any common themes emerging from the feedback

HJ 2024